

**Ed.**

### **39. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl. (stj.frv.).

Til þess að tryggja það, að framvegis fáiist leyfi til þess að flytja ýmsar nauðsynjavörur frá Bretlandi til Íslands meðan Norðurlálfustyrjöldin stendur yfir, gaf konungur út bráðabirgðalög 19. f. m., er banna útflutning að nýju á öllum vörum sem hingað flytjast frá Bretlandi. Er frumvarp þetta samhljóða bráðabirgðalögunum, sem prentuð eru aftan við það sem fylgiskjal.

Nefndin er stjórninni samdóma um, að brún þörf sje á lögum í þessa átt, og að einnig sje rjett að veita stjórninni heimild til að leggja samskonar útflutningsbann á vörur, sem flytjast til Íslands frá öðrum löndum, ef breyttar kringumstæður gera það nauðsynlegt. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með nokkrum smábreytingum, sem prentaðar eru hjer á eftir.

Nefndinni virðist rjett að ákvæði frumvarpsins gildi um allar vörur, sem koma frá Bretlandseyjum. Ákvæði 1. gr. um að láta megi vörur þessar af hendi til íslenskra fiskiskipa, meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland, virðist einnig mega ná til útlendra fiskiskipa, sem eru að veiðum hjer við land og leggja afla sinn upp hjer.

Þá virðast oss sektarákvæði frumvarpsins of lág. Ef einhverjum hugkvæmdist að flytja aftur út úr landinu heilan skipsfarm af vörum frá Bretlandseyjum, gæti hagnaðurinn við það orðið svo mikill, að 1000 kr. sekt væri ekki tilfinnanleg. Leggjum vjer því til að hámark sektanna verði hækkað upp í 5000 kr.

#### **BREYTINGARTILLÖGUR:**

1. Við 1. gr. 1. lið. Fyrir orðið »Bretlandi« komi:  
Bretlandseyjum.
2. Við 1. gr. 2. lið. Fyrir orðin »íslensk — — — Ísland« komi:  
fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.
3. Við 3. gr. Fyrir »1000 kr.« komi:  
5000 kr.
4. Við fyrirsögnina. Fyrir orðið »Bretlandi« komi:  
Bretlandseyjum.

Alþingi, 14. júlí 1915.

Jósef J. Björnsson,  
form.

Steingrímur Jónsson,  
skrifari og framsm.

Magnús Pjetursson.